



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HÁTÍÐARSAMKOMA Í NEW YORK

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson veitti í gærkvöldi, miðvikudaginn 4. nóvember, William J. Clinton fyrrverandi forseta Bandaríkjanna og Hillary Rodham Clinton öldungadeildarþingmanni sérstaka viðurkenningu fyrir framlag þeirra til landafundahátíðarhalda árið 2000.

Heiðursviðurkenningin var veitt á hátíðarsamkomu American-Scandinavian Foundation í New York þar sem forseti Íslands og forsetafrú Dorrit Moussaieff voru heiðursgestir. Hillary Rodham Clinton tók við viðurkenningunum og flutti þakkarávarp fyrir hönd þeirra hjóna þar sem hún lagði m.a. áherslu á trausta vináttu milli Bandaríkjanna og Norðurlanda og ríkan ávöxt af hátíðarhöldum þjóðanna árið 2000.

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson lýsti í ræðu sinni hve mikilvægur stuðningur forsetahjónanna bandarísku hefði verið í aðdraganda og framkvæmd hátíðarhaldanna árið 2000 sem skipulögð voru til að minnst 1000 ára afmælis landafunda íslenskra sáfara í Vesturheimi. Forsetinn rifjaði meðal annars upp þann mikla áhuga sem Bill Clinton þáverandi forseti Bandaríkjanna hefði sýnt þessu verkefni á fundi þeirra í Hvíta húsinu sumarið 1997 og hvernig Hillary Rodham Clinton, sem var formaður þúsaldarnefndar Bandaríkjanna, hefði beitt áhrifum sínum til að tryggja að landafundir íslenskra víkinga væru veigamikill þáttur í hátíðardagskrá Bandaríkjamanna árið 2000.

Landafundahátíðin árið 2000 og fjölmargir atburðir sem henni tengdust endurspegluðu traust samband Norðurlandanna og Bandaríkjanna. Forseti Íslands taldi því við hæfi að heiðra Bill og Hillary

Rodham Clinton á helstu hátíðarsamkomu fólks af norrænum uppruna í Bandaríkjunum en rúmlega 400 gestir sátu hátíðarsamkomuna í gærkvöldi. Þeirra á meðal var forystufólk úr íslensku, norrænu og bandarísku viðskiptalífi.

Viðurkenningarnar sem afhentar voru þeim hjónum voru annars vegar heiðurs skjöl til þeirra beggja og hins vegar listaverk eftir Höllu Ásgeirsdóttur sem heitir „Að brjóta ísinn”. Forsetinn nefndi í ræðu sinni að sú nafngift væri táknræn fyrir þann árangur sem náðst hefði og reyndar einnig fyrir þær miklu loftslagsbreytingar sem settu svip á norðurslóðir og Bandaríkjamenn og Norðurlandabúar þyrftu að huga að í sameiningu.

Auk þess að veita þeim hjónum viðurkenningu flutti forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hátíðarræðu á samkomunni í gærkvöldi og hefur jafnframt tekið þátt í fjölmörgum viðburðum, heimsóknnum og fundum undanfarna daga í New York sem skipulagðir hafa verið af íslenskum fyrirtækjum í samvinnu við bandaríska samstarfsaðila þeirra.

5. nóvember 2004